



MEISTARAFÉLAG HÚSASMIÐA

SKIPHOLTI 70 • 105 REYKJAVÍK • SíMAR 553 1277 OG 553 6977
FAX 568 4960 • KENNITALA 460269-5559

Alþingi
Erindi nr. P 127/6Y6
komudagur 28.1.2002

Reykjavík 28. janúar 2002

Iðnaðarnefnd Alþingis!

Hjálmar Árnason alþingism. og formaður iðnaðarnefndar
Guðjón Guðjónsson alþingism. og varaform.iðnaðarnefndar
Árni R. Árnason alþingism.
Árni Steinar Jóhannsson alþingism.
Bryndís Hlöðversdóttir alþingism.
Ísólfur Gylfi Pálmason alþingism.
Kjartan Ólafsson alþingism.
Pétur H Blöndal alþingism.
Svanfríður Jónasdóttir alþingism.


Fyrir hönd eftirtalinna iðnmeistarafélaga, Meistarafélags húsasmiða, Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, Félag Pípulagningameistara, Málarsmeistarafélag Reykjavíkur og Félag dúklagninga og veggfóðrarmeistara, sem 10. desember sl. sendu frá sér bréf til Iðnaðarráðherra, iðnaðarnefndar og allra annara þingmanna, þar sem þessi félög mótmæltu harðlega fyrirhuguðum breytingum á iðnaðarlögum með tilliti til iðnráða, þá var á sameiginlegum fundi þessara félaga auk Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur, sem haldinn var sl. fimmtudag, samþykkt að fulltrúar Meistarafélags húsasmiða kæmu fram fyrir hópinn og ítrekuðu fyrri mótmæli við þeim hugmyndum iðnaðarnefndar Alþingis að leggja iðnrád niður. Þá mótmælum við harðlega þeim vinnubrögðum að ekki skuli við breytingar á iðnaðarlögum, þar sem hagsmunir iðnstétta eru í húfi, leitað umsagnar hjá félögum iðnmeistara. Meistarafélögum. Það er ekki nægilegt að setja byggingariðnaðinn undir einn hatt og leita fyrir hönd hans einungis umsagnar hjá Samtökum iðnaðarins. Það eru ekki allir þar innandyra, t.d. Meistarafélag húsasmiða, sem er stæsta atvinnurekendafélag landsins með yfir 330 félagsmenn, sem hafa í sinni þjónustu 3-4000 starfsmenn, stendur utan Samtaka iðnaðarins. Við teljum að hagsmunum okkar iðnaðarmanna sé best borgið í höndum okkar sjálfra, og með tilliti til þeirra umsagna sem okkur er kunnugt um, er óskiljanlegur þessi áhugi á því að leggja iðnrád niður.

Ágæta þingnefnd!

Við förum fram á það við ykkur, að þið endurskoðið nefndarálit um frumvarp til breytinga á iðnaðarlögum nr. 42/1978, með síðari breytingum og gerið engar breytingar án samráðs við Meistarafélögin.

Fh. Meistarafélags húsasmiða


Baldur Þór Baldvinsson form.


Magnús Stefánsson varaform.

Afrit sent Iðnaðarráðherra